



## Árskýrsla 2011





## Frá formanni Félags Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar reka fjölmargar stofnanir og skrifstofur þar sem fjölþjóðlegt starfsfólk starfar hvarvetna að göfugum verkefnum. Félög Sameinuðu þjóðanna eru rúmlega hundrað talsins um heim allan. Þau segja fréttir frá vettvangi Sameinuðu þjóðanna og upplýsa almenning í sínum löndum. Á hverjum degi berast fréttir af starfsemi allsherjarþings og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, menntun stúlkna, neyðaraðstoð við börn, íþróttatengdum verkefnum, samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, námskeiðum, teiknisamkeppnum og lausum störfum hjá Sameinuðu þjóðunum, svo eitthvað sé nefnt.

Upplýsingamiðlun hefur um árabil verið höfð í öndvegi hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna. Fréttabréf hafa verið gefin út, skólaheimsóknir hafa verið iðkaðar og bæklingar prentaðir. Miðlun upplýsinga og fræðslustarf er meginhlutverk félagsins enda viljum við að Ísland taki stöðu með þeim

alþjóðalögu m sem styðja við hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna.

Á árinu 2011 var stefna félagsins endurskoðuð

og ný framtíðarsýn mörkuð. Skýr markmið eru afar mikilvæg til að marka stefnu og forgangsraða verkefnum. Með þeim leiðarvísunum getur starfsemi félagsins blómstrað á næstu misserum. Burðugt innra skipulag kemur sér ætíð vel í þeirri þekkingarmiðlun sem félagið stendur fyrir.

Árið 2011 var mikilvægt fyrir samstarf félagsins við systurfélög sín á Norðurlöndum. Framkvæmdastjórar Félaga Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum komu til okkar í heimsókn. Það góða samstarf hefur



aukist undanfarin ár en félögin vinna meðal annars sameiginlega að upplýsingavefnum Globalis.

Hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna trúum við því að öflug vitneskja um starfsemi Sameinuðu þjóðanna leiði til góðs. Við trúum því að með aukinni vitund almennings fylgi aukin þátttaka og umræða um þróunarmál. Á þann veginn leiðir Félag Sameinuðu þjóðanna til vaxandi þátttöku Íslendinga í verkefnum erlendis þar sem þörfin er mikil fyrir utanaðkomandi stuðning. Með því stuðlum við að betri lífsskilyrðum og auknum mannréttindum fjölda fólks um heim allan.

Það er vert að þakka samstarfið öllum þeim sjálfboðaliðum og samstarfsaðilum sem gera rekstur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi mögulegan. Það er ómetanlegur stuðningur sem á lof skilið.

Ólafur Örn Haraldsson

### EFNISYFIRLIT



Frá formanni Félags Sameinuðu þjóðanna .....	2
Kynningarstarf .....	4
Innra starf félagsins .....	6
Viðburðir .....	8
Stjórn og starfsnemar .....	10
Tekjur og gjöld .....	11
Samstarfsaðilar .....	12
Lög Félags Sameinuðu þjóðanna .....	15





# Leiðarljós 1: Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims

## Um Félagið

Félag Sameinuðu þjóðanna var stofnað 2. ágúst 1946. Saga félagsins er því orðin löng, en skipulagðri skráningu hennar er ekki lokið. Félag Sameinuðu þjóðanna gætir ávallt hlutleysis og flytur mál sitt í anda sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Skoðanir og afstaða um einstök mál sem kann að vera sett fram af hálfu Félags Sameinuðu þjóðanna er óháð og er allt kynningarstarf á vegum félagsins að fullu á ábyrgð þess. Félagið leggur sérstaka áherslu á þann þátt í starfsemi Sameinuðu þjóðanna sem snýr að málefnum þróunarlanda.

Félag Sameinuðu þjóðanna, ásamt Landsnefnd UN Women og Landsnefnd UNICEF, rekur Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Miðstöðin er vettvangur fyrir kynningarstarf og upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Félag Sameinuðu þjóðanna veitir almenningi, skólum, stofnunum, fjölmiðlum og öðrum aðilum sem þess óska upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar. Félagið hefur einnig í gegnum árin tekið að sér kynningu á Sameinuðu þjóðunum og geta aðilar, svo sem utanríkisráðuneytið, vísað beiðnum um kynningu til félagsins.

Við stofnun Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna, í mars 2004, var starfsmaður ráðinn til félagsins í 10% stöðu. Á árinu 2011 urðu starfsmannaskipti er Berglind Sigmarsdóttir tók við af Guðrúnu Helgu Jóhannsdóttur síðla sumars. Stöðugildi framkvæmdastjóra árið 2011 var 50%.

## FRAMTÍÐARSÝN FÉLAGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- ▲ **FRAMTÍÐARSÝN 1**  
Að þorri þjóðarinnar styðji með beinum hætti alþjóðlegt þróunarstarf.
- ▲ **FRAMTÍÐARSÝN 2**  
Að almenningur þekki til starfsemi Sameinuðu þjóðanna.
- ▲ **FRAMTÍÐARSÝN 3**  
Að áhrifavöld í þjóðfélaginu hafi þekkingu á og starfi með Félagi Sameinuðu þjóðanna.
- ▲ **FRAMTÍÐARSÝN 4**  
Að Ísland taki stöðu með þeim alþjóðalögum sem styðja við hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna.
- ▲ **FRAMTÍÐARSÝN 5**  
Að Félag Sameinuðu þjóðanna sé áhrifamikill vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf um Sameinuðu þjóðirnar.



# Leiðarljós 2: Að vinna að því að treysta alþjóðfrið og öryggi

## Kynningarstarf

### Vefsíður félagsins

#### ▲ WWW.UN.IS

Félag Sameinuðu þjóðanna leggur mikla áherslu á öfluga upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Vefsíður félagsins eru ein hagkvæmasta leið þess til að miðla upplýsingum og fræðslu um starfsemi, sögu og verkefni Sameinuðu þjóðanna.

Ekki skiptir máli hvort um er að ræða stutta kynningu á stofnunum Sameinuðu þjóðanna eða viðburðaríka atburði á sviði heimsálanna, allt sem við kemur Sameinuðu þjóðunum kemst á heimasíðu félagsins.

#### ▲ WWW.2015.IS

Vefsetrið 2015.is var opnað árið 2007 og er fyrsti íslenski vefurinn tileinkaður 2015-markmiðum [Þúsaldarmarkmiðum] Sameinuðu þjóðanna.

Vefurinn er gerður að norrænni fyrirmynd og þar er að finna margskonar upplýsingar um markmiðin. Vefurinn hefur verið í umsjón starfsnema félagsins frá haustmánuðum 2011 og er markmiðið að efla vefinn enn frekar fram til ársins 2015.

#### ▲ WWW.GLOBALIS.IS

Globalis-vefur félagsins er eitt skemmtilegasta og fyrirferðamesta verkefni sem félagið hefur fengið að glíma við. Vefurinn gagnast fræðimönnum, fjölmiðlum og menntageiranum en tölfraeði-upplýsingarnar uppfærast sjálfkrara frá gagnagrunnum stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Fjórir starfsmemar félagsins vinna við þýðingar á upplýsingum um lönd heims, átök og alþjóðasamninga.





## Útgáfa fréttabréfs

Á haustmánuðum 2010 hóf félagið útgáfu á rafrænu fréttabréfi. Útgáfa fréttabréfs hefur verið reglulegur liður í starfi félagsins um áratugaskeið. Það hefur reynst vel til upplýsingamiðlunar í gegnum árin. Í fréttabréfunum eru sagðar fréttir af starfi félagsins og viðburðum ásamt fréttum af vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fréttabréfið er sent út til félagsmanna og kemur út

mánaðarlega yfir starfsveturinn.

Hægt er að nálgast fréttabréfið á vef félagsins [www.un.is](http://www.un.is) undir „Fréttabréf“. Hægt er að skrá sig á póstlista með því að skrá sig í félagið á forsiðu vefsins eða senda tölvupóst á [felag@un.is](mailto:felag@un.is).

## HELST Í FRÉTTABRÉFUM HAUSTIÐ 2011

- ▲ ALÞJÓÐADAGAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
- ▲ ÞÚSALDARMARKMIÐIN
- ▲ ICEMUN, MENNTÓMUN, BIFMUN
- ▲ HEIMSRÁÐSTEFNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN
- ▲ NÝJAR SKÝRSLUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA KYNNTAR
- ▲ STARFSNEMAR Hafa kynnt ritgerðir sínar
- ▲ SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA KYNNT, GLOBAL COMPACT
- ▲ BENT HEFUR VERIÐ Á STÖRF HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM



## Félag Sameinuðu þjóðanna á Facebook

Samfélagsmiðlar eru skemmtilegir! Þónokkuð hefur verið fjallað um hversu mikilvægir samfélagsmiðlar eru fyrir nútímalegt markaðsstarf. Það eru rúmlega 185 þúsund Íslendingar á Facebook og því er Félag Sameinuðu þjóðanna að nýta sér þennan miðil til kynningarstarfs. Rannsóknir hafa sýnt að ímynd fyrirtækja sem eru virk á samfélagsmiðlunum er almennt betri en þeirra sem ekki nýta samfélagsmiðla í markaðsstarfi.

**Virk upplýsingamiðlun um samfélag Sameinuðu þjóðanna á Facebook í gegnum síðu Félags Sameinuðu þjóðanna - [facebook.com/UNAceland](http://facebook.com/UNAceland).**



Á tímabilinu september–desember voru settar inná heimasíðu félagsins á Facebook að meðaltali 10–15 fréttir á mánuði. Fylgjendur félagsins á þessum ört stækkandi samfélagsmiðli eru rúmlega 300 og því mikil sóknarfæri fyrir félagið að miðla upplýsingum.



# Innra starf félagsins

## Stefnukort 2011-2014

Stjórn félagsins hóf endurskoðun á markmiðasetningu félagsins á haustmánuðum 2011. Hingað til hafa lög félagsins verið notuð sem leiðarvísir að markmiðum starfseminnar. Með lögum sem útgangspunkt voru ákvörðuð árangursmarkmið fyrir starfsveturinn og var starfsvetrinum lokið á þeim nótnum.

Stefnukort félagsins fyrir árin 2011-2014 var sett upp og framtíðarsýn félagsins staðfest í byrjun janúar 2012. Leiðarljósin tvö eru tekin úr lögum félagsins sem má nálgast í lok skýrslunnar.

Hlutverk félagsins var skilgreint í eftirfarandi tvo þætti: a) kynningarhlutverk og b) sameiningarhlutverk.

Stefnumál félagsins voru að sama skapi dregin saman á þrjú málefnavið: a) mannréttindi, b) sjálfbæra þróun og c) friðar- og öryggismál.

Þessir tveir ásar mynda svo markmiðasetningu og verkefnalýsingu hvers vetrar (grænu, óútfylltu kassarnir).

## Stefnukort Félags Sameinuðu þjóðanna 2011-2014



<b>Leiðarljós</b>	<b>Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims Að vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi</b>
<b>Framtíðarsýn</b>	Að þessi þjóðarinnar styðji með beinum hætti alþjóðlegt þróunarstarf. Að almenningur þekki til starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Að áhrifavöld í þjóðfélaginu hafi þekkingu á og starfi með Félagi Sameinuðu þjóðanna. Að Ísland taki stöðu með þeim alþjóðalögum sem styðja við hugsjónir og markmið SP. Að Félag Sameinuðu þjóðanna sé áhrifamikill vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf um SP.

<b>Hlutverk Félags SP</b>	<b>Málefni</b>		
	Mannréttindi	Sjálfbær þróun	Friðar- og öryggismál
<b><u>Kynningarhlutverk</u></b> Að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna			
<b><u>Sameiningarhlutverk</u></b> Að samræma starf þeirra félagasamtaka sem leggja vilja lið sitt til þess að framkvæma hugsjónir Sameinuðu þjóðanna			



## Hlutverk stjórnar

Meginhlutverk stjórnar var eitt þeirra verkefna sem stjórn tók fyrir við endurskoðun á innra skipulagi félagsins. Hlutverk stjórnar er í meginatriðum að sjá til þess að félagið vinni að þeim markmiðum sem greint er frá í lögum þess.

Hér til hægri má sjá staðfest hlutverk stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Verkefni formanns, varaformanns og annarra meðstjórnenda var að sama skapi skráð og staðfest af stjórn. Verkefnalýsing og hlutverk framkvæmdastjóra félagsins var einnig skjalfest og má finna þessar lýsingar á heimasíðu félagsins [www.un.is](http://www.un.is).

## Siðareglur félagsins settar

Siðareglur Félags Sameinuðu þjóðanna voru samþykktar af stjórn í október 2011. Tilgangur þeirra er að styrkja ímynd félagsins, viðhalda og auka traust almennings á starfi þess við að stuðla að aukinni samvinnu þjóða heims. Starfsmönnum og sjálfboðaliðum Félags Sameinuðu þjóðanna, þar með talið stjórnarmönnum, eru kynntar þessar reglur í upphafi starfs síns fyrir félagið. Siðareglurnar er að finna á heimasíðu félagsins.

Tilgangur þeirra er:

- ▲ AÐ EFLA GEGNSÆI, GÓÐA STJÓRNARHÆTTI OG FAGLEGT STARF Í ÞÁGU ALMENNINGS Í LANDINU
- ▲ AÐ VEITA STJÓRN OG STARFSMÖNNUM VIÐMIÐ UM BREYTNÍ OG ÞÁ FAGLEGU ÁBYRGÐ SEM Á ÞEIM HVÍLIR UMFRAM LAGALEGAR SKYLDUR

Siðareglurnar taka einnig á eftirfarandi þáttum:

- ▲ ÁBYRGÐ GAGNVART ALMENNINGI, FJÖLMIÐLUM OG SAMFÉLAGI
- ▲ ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA, STARFSFÓLKIS OG SJÁLFBODALIÐA
- ▲ ÁBYRGÐ FJÁRMÁLA
- ▲ VIÐBRÖGÐUM VIÐ BROTUM Á SIÐAREGLUM

## HLUTVERK STJÓRNAR

### 1. Stefnuhlutverk stjórnar

Stjórn tekur allar meiriháttar ákvarðanir fyrir hönd félagsins, markar stefnu og framtíðarsýn og fylgir eftir ákvörðunum aðalfundar.

Mótar hugmyndir og kemur með tillögur um ný viðfangsefni.

### 2. Eftirlitshlutverk

Stjórn hefur fjárhagslegt eftirlit með starfsemi félags, samþykkir fjárhagsáætlanir og fylgist með að farið sé að settum reglum um fjárreiður. Þá sinnir hún eftirliti með árangri félagsins í heild, vinnubrögðum almennt og því að þau séu í samræmi við lög og siðareglur félagsins.

### 3. Fjármögnunar – og mannaúðshlutverk

Stjórn tryggir að tekjur félagsins og mannaúður, sem felst í sjálfboðaliðum og starfsmönnum þess, sé nægjanlegur svo félaginu sé kleift að vinna að þeim markmiðum sem stjórnin hefur sett því.

### 4. Málsvarshlutverk

Stjórn sé í forsvari fyrir félagið, vinni að frekari stuðningi við það í samfélaginu, meðal annars með samskiptum við lykilaðila, og sinni verkefnum sem hafa að markmiði að styrkja ímynd félagsins.

### 5. Ráðningarhlutverk

Stjórn ráði framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn ef þurfa þykir og metur frammistöðu framkvæmdastjóra og styður hann í starfi.



## Viðburðir

### Globalis.is

Vefurinn Globalis er sístækkandi gagnagrunnstengdur vefur sem Félög Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum halda gangandi. Vefurinn var próaður af Félagi Sameinuðu þjóðanna í Noregi og hefur verið þýddur yfir á Norðurlandamálin fimm. Hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna í Noregi er starfandi teymi sem gengur úr skugga um að forritun vefsins og skipulag virki. Einnig er grunnuppfærsla vefsins á þeirra herðum. Starfsmenn félagsins á Íslandi standa að mestu fyrir þýðingum vefsins og koma nýjar upplýsingar inn á vefinn í hverjum mánuði.

Vefurinn hefur að geyma tölfraði frá Sameinuðu þjóðunum, sýnir virk átök í heiminum og birtir gervihnattamyndir sem sýna áhrif mannsins á náttúru jarðar sem og upplýsingar um öll ríki heimsins. Á vefnum er birt tölfraði á aðgengilegan og sjónrænan hátt með það að markmiði að höfða til nemenda í grunn- og framhaldsnámi.

Félag Sameinuðu þjóðanna hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í námsgagnasýningu Námsgagnastofnunar, en hún er sett upp í húsnæði menntavísindastofnunar Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Þar hefur félagið kynnt vefinn Globalis við góðar undirtektir. Verið er að þýða skólavef Globalis en þar verður að finna kennsluleiðbeiningar fyrir kennara í ýmsum námsgreinum sem tengjast þjóðfélagsmálum eins og umhverfismálum, mannréttindum, alþjóðasamskiptum og fleiru. Verður vefurinn kynntur fyrir skólum landsins haustið 2012.



Mynd 1: Framkvæmdastjóri félagsins Berglind Sigmarsdóttir á námsgagnasýningu Námsgagnastofnunar

## Bíósýning um barnahermenn í Úganda

Félag Sameinuðu þjóðanna stóð að bíósýningu í samvinnu með upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (UNRIC) og UNICEF. Heimildarmyndin Stríðsbörnin ([www.childrenofwarfilm.com](http://www.childrenofwarfilm.com)) var sýnd í Bíó Paradís 10. febrúar 2011, að viðstöddum höfundi myndarinnar Bryan Single.

Myndin fjallaði um barnahermenn í Úganda og hrikaleg örlög þeirra. Að lokinni sýningu myndarinnar sögðu leikstjórinn Bryan Single og Flóki Guðmundsson fjáröflunarfulltrúi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi frá reynslu sinni frá stríðshráðum svæðum í norðurhluta Úganda.

## Hádegisfundur um afvopnunarmál

Félag Sameinuðu þjóðanna hélt í samstarfi við norska sendiráðið, utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, hádegisfund um afvopnunarmál föstudaginn 11. mars á Hótel Borg.

Steffen Kongstad, sendiherra og deildarstjóri í utanríkisráðuneyti Noregs, hélt erindi um afvopnunarmál. Gréta Gunnarsdóttir, sendiherra og þáverandi sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins var fundarstjóri.

Steffen ræddi stöðuna í afvopnunarmálum og þá sérstaklega varðandi framtíð kjarnorkuvopna. Hann var t.a.m. aðalsamningamaður Noregs þegar samningurinn um klasasprengjur var undirritaður í Osló 3. desember 2008.





## Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2011

Félag Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, stóð fyrir kynningu á Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna þann 4. nóvember 2011. Í tilefni skýrslunnar kom yfirmaður þróunarskýrslusviðs Sameinuðu þjóðanna, Khalid Malik, til landsins og hélt kynningu á skýrslunni í Norræna húsinu fyrir fullu húsi, en tæplega 60 manns sóttu fundinn í ár. Formaður Félags Sp ávarpaði fundinn, en fundarstjóri var Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins.

Í Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna 2011 er meðal annars fjallað um það að auðugar þjóðir eru stórtækastar þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda. Í skýrslunni er einnig horft til framtíðar og athyglinni beint að þeirri ósannngirni, að seinni tíma kynslóðir þurfi að þola afleiðingarnar af óhófsneyslu samtímans.

Meginboðskapur skýrslunnar er sá að jafnrétti og sjálfbærni séu nátengd fyrirbæri. Skýrslan færir sterk rök fyrir því að sjálfbærni sé ekki möguleg nema með því að takast á við misskiptingu gæða og mismunun fólks. Þetta er ekki bara þjóðfélagsmál heldur er nauðsynlegt að skoða þessa tvo þætti saman til að tryggja sjálfbærni í framtíðinni.



Mynd 2: Khalid Malik yfirmaður Þróunarskýrslusviðs Sp í heimsókn á Íslandi til að kynna skýrsluna



Mynd 3: Heiða Anita Hallsdóttir og Vilborg Ása Guðjónsdóttir stjórnarmeðlimir Félags Sameinuðu þjóðanna með HDR 2011 skýrsluna



Mynd 4: Fundargestir 4. nóvember 2011



Mynd 5: Ólafur Örn, Hermann Ingólfsson, Malik

*„If we do not act together, if we do not act responsibly, if we do not act now, we risk slipping into a cycle of poverty, degradation, and despair.“*

Ban Ki-moon



# Stjórn og starfsnemar

## Stjórn 2011-2012

Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var haldinn 17. apríl 2011 þar sem farið var yfir rekstrarreikninga og starfsemi félagsins. Stjórn félagsins var að venju kosin en hana skipa níu aðilar úr hinum ýmsu áttum samfélagsins. Stjórn félagsins fundar mánaðarlega auk þess sem að taka þátt í starfsemi og viðburðum félagsins.

### Stjórn félagsins 2011-2012 skipuðu:

- ▼ ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON, FORMAÐUR
- ▼ ÞRÖSTUR FREYR GYLFASON, VARAFORMAÐUR
- ▼ ÁSTA MEKKÍN PÁLSDÓTTIR
- ▼ ELÍN VIGDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
- ▼ EMBLA EIR ODDSDÓTTIR
- ▼ HEIÐA ANITA HALLSDÓTTIR
- ▼ TRYGGVI JAKOBSSON
- ▼ VILBORG ÁSA GUÐJÓNSDÓTTIR



Mynd 6: Efri röð f.v.: Heiða Anita, Tryggvi, Elín Vigdís, Ásta Mekkín, Embla Eir. Neðri röð f.v. Þróstur Freyr, Ólafur Örn, Berglind. Á myndina vantar Vilborgu Ásu.

## Starfsnemar

Árið 2011 var ár sjálfbóðaliðans í Evrópu og hafa Sameinuðu þjóðirnar bætt um betur og kallað áratuginn áratug sjálfbóðaliða. Sjálfbóðaliðarnir okkar aðstoða félagið við að kynna almenningi hugsjónir Sameinuðu þjóðanna í hinum ýmsu formum. Tími starfsnema félagsins er afar dýrmætur fyrir félagið.

Hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna störfuðu á árinu 2011 fjórir starfsnemar sem unnu að verkefnum í kringum Þúsaldarmarkmiðin, Global Compact-samþykktir Sameinuðu þjóðanna, Globalis vefinn og almenna textavinnu á vefnum. Starfsnemarnir eru:

- Ásdís Sigtryggsdóttir
- Bryndís Pjetursdóttir
- Hildur Guðbjörnsdóttir
- Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir

Ásdís Sigtryggsdóttir



Bryndís Pjetursdóttir



Hildur Guðbjörnsdóttir



Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir





# Tekjur og gjöld

## ▲ TEKJUR

Tekjur ársins 2011 námu 4,6 milljónum króna en samkvæmt þriggja ára samningi við utanríkisráðuneytið greiðast árlega á árunum 2010–2012 3,6 milljónir króna til félagsins. Félagið fékk á haustmánuðum styrk frá mennta- og menningamálaráðuneytinu til að vinna að Globalis vefnum að upphæð ein milljón króna. Samtals voru því tekjurnar 4,6 milljónir króna.

## ▲ GJÖLD

Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður félagsins en á árinu 2011 gat félagið greitt fyrir 75% stöðugildi framkvæmdastjóra fjóra mánuði ársins vegna Globalis styrksins. Framkvæmdastjóri sinni að öllu jöfnu starfi sínu í 50% vinnu.

Húsnæðiskostnaðurinn samanstendur af hlutdeild félagsins í kostnaði við rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna eftir að styrkur utanríkisráðuneytisins hefur verið notaður til að greiða rekstrarkostnað.

Skrifstofukostnaður var samtals kr. 550.647 og má helst telja prentun ársskýrslunnar 153 þús., rekstur vefsíðna félagsins 141 þús., reikningsleg aðstoð 118 þús. og funda- og risnukostnað 82 þús.

Viðburðum í kringum komu framkvæmdastjóra Félaga Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum (UNA Nordic) er gerð nánari skil í kaflanum „Samstarf-Norðulandasamstarfið“.

## ▲ NIÐURSTAÐA

Á árinu námu tekjur umfram gjöld kr. 50.658 og eigið fé félagsins var jákvætt í árslok um kr. 87.520.

Helstu tekjur og gjöld		2011	2010
<b>TEKJUR</b>			
	Samstarfssamningur utanríkisráðuneytið	3.600.000	4.000.000
	Menntamálaráðuneytið – Globalis styrkur	1.000.000	
	Nordplus styrkur		1.246.974
	<b>SAMTALS</b>	<b>4.600.000</b>	<b>4.946.974</b>
<b>GJÖLD</b>			
	Launakostnaður	3.666.238	3.658.902
	Húsnæðiskostnaður	135.140	140.424
	Skrifstofukostnaður	550.647	797.918
	UNA Nordic fundir á Íslandi júní 2011	170.706	-
	<b>SAMTALS</b>	<b>4.522.731</b>	<b>4.597.244</b>



## Samstarfsaðilar

### Utanríkisráðuneytið

Félag Sameinuðu þjóðanna á rætur sínar að rekja til utanríkisráðuneytisins. En starfsemi félagsins var lengi til í höndum starfsmanna ráðuneytisins. Félagið hefur meðal annars í gegnum árin sinnt kynningu á starfi ráðuneytisins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur samstarfið verið gjöfult.

Árleg framlög ráðuneytisins til félagsins hafa verið kr. 3.600.000,- á ári frá 2010–2012. Þessi styrkur ráðuneytisins er félaginu mikils virði og hefur gert félaginu kleift að hafa starfsmann í 40-50% vinnu.

Samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og félagsins hefur það helst að markmiði að efla kynningu á hlutverki og starfi Sameinuðu þjóðanna, stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál á vegum félagsins með hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og fjalla um þátttöku Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Meðal verkefna sem Félag Sameinuðu þjóðanna og utanríkisráðuneytið unnu í sameiningu á liðnu starfsári var kynning á Þróunarskýrslu Sþ. Félagið heldur reglulega fundi með ráðuneytinu og leggur áherslu á gott og náð samstarf með öflugum upplýsingagjöf um rekstur og fjárhag að leiðarljósi.

*„At the heart of our mission is the belief that a strong and effective United Nations can be a powerful force in meeting our common global challenges and opportunities.“*

WFUNA skýrsla 2012

### Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í gegnum árin styrkt hin ýmsu verkefni félagsins. Var styrkur veittur árið 2011 til uppbyggjar Globalis vefsins.





## Norðurlandasamstarfið

Fundur framkvæmdastjóra Félaga Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndunum var haldinn í Reykjavík dagana 27.–29. júní. Slíkir fundir eru haldnir árlega og skiptast norrænu félögin á að vera gestgjafar. Auk framkvæmdastjóra félaganna fimm og samstarfsmanna þeirra sátu fundinn stjórnarmeðlimir Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Fundað var m.a. með utanríkisráðuneytinu og upplýsingum miðlað um starfsemi félaganna á Norðurlöndunum.

Helstu málefni fundanna voru samstarf félaganna, framtíð upplýsingavefsins Globalis, norrænt Model United Nations þing í Finnlandi 2012, sjálfbær þróun, Þúsaldarmarkmiðin og almenn yfirlit starfsemi hvers félags fyrir sig.

Starfsemi Félaga Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum er með því öflugasta á meðal Félaga Sp um heim allan en þau eru yfir hundrað talsins. Hjá Félagi Sp í Noregi starfa til dæmis á þriðja tug starfsmanna og velti félagið tæplega sex hundruð milljónum króna á ári. Hin félögin þrjú eru öllu smærri í sniðum



Mynd 7: Framkvæmdastjórar félaga Sp á Norðurlöndum og stjórnarmeðlimir við Kjarvalstaði júní 2011

en þó er Danmörk með átta starfsmenn og Finnar fimm.

Samstarf félagsins við þessi félög er afar mikilvægt enda upplýsingamiðlun og ráðgjöf innan hópsins verðmæt.



Mynd 8: F.v. Ólafur Örn Haraldsson formaður Félags Sp á Íslandi, Linda Nordin Torslund, frkv.stjr. Félags Sp í Svíþjóð, Tryggvi Jakobsson, fyrrverandi formaður Félags Sp á Íslandi, Elín Vigdís Guðmundsdóttir, stjórnarmeðlimur, Próstur Freyr Gylfason, varaformaður, Kari Solhom, frkv. stjr. Félags Sp í Noregi, Guðrún Helga Jóhannsdóttir, frkv.stjr. Félags Sp á Íslandi, Torleif Jonasson, frkv.stjr. Félags Sp í Danmörku, Helena Laukko, frkv.stjr. Félags Sp í Finnlandi.



## IceMUN

### ▲ ICEMUN

IceMUN er sjálfstætt starfandi félag innan vébanda Félags Sameinuðu þjóðanna. Model United Nations (MUN) er vettvangur þar sem nemendur koma saman og setja á svið starfsemi helstu stofnana Sameinuðu þjóðanna á sem raunverulegastan hátt og takast á við aðkallandi vandamál í alþjóðasamfélaginu. Þátttakendum er deilt niður á ákveðin lönd og eru því sendifulltrúar þeirra landa.

IceMUN fór fram dagana 15.–17. febrúar, að þessu sinni í Háskólanum í Reykjavík. Öryggisráðið var sett á svið og glímdi það við kjarnorkuáætlun Írans. Hamid Pourvatan, doktorsnemi frá Íran, hélt fyrirlestur og kynnti viðfangsefnið fyrir þátttakendum. Það er hefð að heimsækja forseta Íslands áður en þingið er sett og má sjá mynd af hópnum hér til hliðar á Bessastöðum.

### ▲ BIFMUN

MUN ráðstefna var haldin í annað sinn í Háskólanum á Bifröst dagana 1. og 2. september 2011. Ráðstefnan er orðinn fastur liður í nýnemadagskrá skólans. Viðfangsefnið var ástandið í Sýrlandi í kjölfar „arabíska vorsins“ og tekist á við málið á grundvelli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

### ▲ MENNTÓMUN

Hefðbundið MenntóMUN var ekki haldið árið 2011, heldur var skráðum þátttakendum boðið í bandaríska sendiráðið, þar sem starfsemi sendiráðsins var kynnt, tengsl Bandaríkjana og Íslands skoðuð og farið yfir tækifæri íslenskra stúdenta til náms í Bandaríkjunum. Að því loknu

var boðið til léttis kvöldverðar í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna þar sem Alou Balema hélt fyrirlestur.



Mynd 9: IceMUN þátttakendur með forseta Íslands á Bessastöðum

## Háskólar Sp

Um 65% af stuðningi utanríkisráðuneytisins til fjölþjóðlegs þróunarstarfs rennur til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar af renna 23% til Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Á Íslandi eru starfandi þrjár skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna:

- ▲ **JARÐHITASKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNUGTP.IS)**
- ▲ **SJÁVARÚTVEGSSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNUFTP.IS)**
- ▲ **LANDGRÆÐSLUSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNULRT.IS)**

Jafnréttisskólinn, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins, byggir á sama grunni og þrjár fyrrnefndu skólarnir. Stefnir er að því að hann verði hluti af

Háskóla Sameinuðu þjóðanna innan nokkurra ára.

Félag Sameinuðu þjóðanna finnst mikið til starfsemi skólanna koma, og telur að skólarnir hafi unnið stórkostleg uppbyggingarstarf hver innan síns geira í þróunarlöndum um heim allan. Er það hugur stjórnarinnar og von að efla samstarfið á komandi árum.

## UNICEF og UN Women

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og UN Women reka í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna Miðstöð Sameinuðu þjóðanna að Laugavegi 176. Miðstöðin var opnuð 12. mars 2004 og var fyrst til húsa í Skaftahlíð 24. Á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2005 var miðstöðin opnuð á Laugavegi 42, 2. hæð en fluttist svo á Laugaveg 176 í apríl 2012.

Samreksturinn hefur gengið afar vel og hjálpað félögum í sínum kynningar- og viðburðarstjórnun. Það hefur reynst mjög mikilvægt fyrir þessi félagasamtök við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki, einfaldlega til að nýta alla orku í hin raunverulegu markmið félaganna.

## Samstarf við UNRIC

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópuríkin er staðsett í Brussel. Sérstakur upplýsingafulltrúi skrifstofunnar fyrir Norðurlönd er Árni Snævarr. Vefsetur skrifstofunnar er mjög virkt og er uppfært reglulega en Félag Sameinuðu þjóðanna nýtur góðs af þeim fréttlaflutningi og fær að miðla þeim áleiðis á sínum vefsíðum.



# Lög Félags Sameinuðu Þjóðanna

## 1. grein

Takmark Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi er:

- Að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu Þjóðanna.
- Að samræma starf þeirra félagsamtaka sem leggja vilja lið sitt til þess að framkvæma hugsjónir Sameinuðu Þjóðanna.
- Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims.
- Að vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi.
- Að vinna að því í samvinnu við blöð, útvarp, sjónvarp og skóla að kynna Íslendingum hugsjónir og starfsemi hinna Sameinuðu Þjóða.

## 2. grein

Í Félagi Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi geta verið einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir, svo sem bókasófn og skólar. Heimilt er að gerast ævifélagi í félaginu.

## 3. grein

Stjórn félagsins ákveður félagsgjöld og getur leitað eftir stuðningi aðila sem styðja vilja stefnumið félagsins.

## 4. grein

Aðalfundur Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert. Aðalfundur skal boðað skriflega með 14 daga fyrirvara. Rétt á fundarsetu hafa þeir meðlimir sem gerst hafa félagar eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

Á aðalfundi skal gefin skýrsla um starfsemi félagsins og fjárhag á liðnu starfsári. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið og skulu reikningar félagsins yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

Aðeins á aðalfundi má bera upp tillögur um breytingar á lögum félagsins enda hafi slíkar tillögur verið kynntar framkvæmdastjórn með viku fyrirvara. Til samþykktar þeirra þarf stuðning 2/3 - tveggja þriðju hluta - fundarmanna.

Stjórn félagsins skipa níu menn kosnir til eins árs í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi og skal hittast eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Framkvæmdastjórn skulu skipa formaður, varaformaður og einn meðstjórnandi, og sinnir þeim störfum sem stjórnin felur henni og samkvæmt lögum þessum.

Á aðalfundi skulu og kosnir tveir endurskoðendur til eins árs.

Endurkosning manna í stjórn er heimil.

Stjórnin boðar til fundar í félaginu þegar henni þurfa þykir eða þegar fimmtíu félagar hið minnsta æskja þess.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

## 5. grein

Lögheimili félagsins og varnarþing þess er í Reykjavík. Heimilt er að stofna einstakar deildir félagsins hvar sem er á landinu.

- Samþykkt á aðalfundi Félags Sameinuðu Þjóðanna 5. mars 1976.
- Breyting á 2. grein laganna er varðar aðild, og 4. grein laganna er varðar fjölda manna í varastjórn samþykkt á framhaldsaðalfundi 21. maí 2007.
- Breyting á 4. grein laganna er varðar staðsetningu, dagsetningu og boðun aðalfundar, endurskoðun reikninga, fjölda manna í stjórn jafnframt því sem ákvæði um varastjórn var felld á brott, sérkjör varaformanns einnig, kjörtímabil stjórnarmanna, framkvæmdastjórn, og framkvæmdastjóra; og 5. og 6. greinar sameinaðar undir 5. grein auk orðalagsbreytingar, samþykkt á aðalfundi 27. mars 2008. Sömmuleiðis var þá ákvæði til bráðabirgða, um brottfall meðstjórnenda, frá árinu 1977 felld á brott.

*"Everything will be all right - you know when? When people, just people, stop thinking of the United Nations as a weird Picasso abstraction and see it as a drawing they made themselves."*

*Dag Hammerskjold*

*Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna  
1953-1961*

© Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Ársskýrsla Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi:  
Starfsemi og ársreikningur 2011.

Ljósmyndir á forsíðu eru birtar með góðfúslegu leyfi myndasafns Sameinuðu þjóðanna (UN Photo). Myndir úr starfi félagsins tóku starfsmenn, stjórnarmenn og/eða aðrir félagsmenn.

Ritstjórn ársskýrslu: Berglind Sigmarsdóttir, Pröstur  
Freyr Gylfason og Tryggvi Jakobsson.

Prentvinnsla: Oddi  
ISSN: 1670-8679

